

Fundur skólaráðs Grundaskóla

Þriðjudaginn 15. Janúar 2019 kl. 17:00

Mættir:

Edda Björk Baldvinsdóttir, Anna Kristjánsdóttir, Jón Þór Þórðarson, Sigurbjörg Ragnarsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson, Flosi Einarsson, Margrét Ákadóttir, Krístrún Dögg Marteinsdóttir.

Forföll: Heiðís Júlíusdóttir Bryndís Kjerúlf Helgi Rafn og Lilja Björg.

Dagskrá

1. Fundargerð skólaráðs Grundaskóla frá 6.11.18 samþykkt.
2. Drög að skóladagatali skólaárið 2019-2020
Skólaráð Grundaskóla samþykkir fyrirbyggjandi drög að skóladagatali fyrir næsta skólaár.
3. Staða persónuverndarmála
Skólastjóri kynnti stöðu verkefnisins í skólanum. Fram kom í umræðum að foreldrum finnst að ný lög hafi þrengt full mikið að ýmsum verkefnum s.s. myndatöku, fréttaflutningi o.fl. Ekkert kerfi er í notkun sem hentar nægjanlega vel varðandi upplýsingagjöf úr skólum. Facebook hafði mikla dreifingu en hvorki Mentor eða heimasíðan hentar fyrir slíka miðlun. Meðal annars var rætt um:
 - a. skjalaskápa
 - b. Verkferla innan skólans
4. Húsnæðismál og framtíðarsýn
Minnisblað skólastjóra um málið og hugsanlegt samstarf við FVA lagt fram til umræðu. Skólaráð þakkar góða samantekt og lýsir yfir vilja til þess að skoða frekar kosti og galla þessarar hugmyndar. Ráðið leggur til að leitað verði eftir hugmyndum og áliti frá öllum aðilum í skólasamfélaginu s.s. nemendum, foreldrum og starfsmönnum. Þessari vinnu verði hraðað sem mest má enda er húsnæðisskortur orðið vandamál í Grundaskóla. Fyrir liggur að veruleg fjölgun nemenda í skólahverfinu vegna mikilla nýbygginga og því sé nauðsynlegt að leita lausna á húsnæðismálum sem fyrst.
5. Árangur Grundaskóla í tölum
Skólastjóri kynnti ýmsar tölulegar upplýsingar um námslegan árangur í skólastarfi og rekstrarlega niðurstöðu. Hér er vísað annars vegar til upplýsinga frá Menntamálastofnun tengt samræmdum prófum, mælingar á lestri o.fl. Hins vegar til uppgjors á fjármálum stofnunarinnar fyrir árið 2018.
 - a. Upplýsingar frá Menntamálastofnun
Skólaráð Grundaskóla þakkar fyrir góðar upplýsingar. Sérstakt áhyggjuefni er hversu margir virðast ekki ná góðum tókum á lestri og hversu margir foreldrar virðast ekki enn gera sér grein fyrir mikilvægi góðrar lestrarkunnáttu fyrir nám nemenda. Skólaráð Grundaskóla leggur til að fræðsla tengt lestrarnámi verði hert enn frekar í skólanum.

Bæði heimili og skóli verða að leggjast á eitt að ná sem bestum árangri. Fram komu fjölmargar hugmyndir um aðgerðir s.s. mikilvægi þess að bókasafn skólans sé opið og virkara í þessari vinnu, að staða heimavinnu í lestri sé sett inn á einkunnablöð o.m.fl. Umræður sköpuðust einnig hvernig bæta megi árangur nemenda skólans á samræmdum könnunarprófum. Sérstaklega vekur athygli að árangur í 9. bekk mætti vera betri sé tekið mið af niðurstöðum prófa í 4. og 7. bekk.

b. Rekstur Grundaskóla

Rekstrarár Grundaskóla fyrir 2018 var mjög gott. Skólaráð Grundaskóla fagnar niðurstöðunni og öllum þeim góðu verkefnum sem ráðist var í á liðnu ári.

6. Önnur mál.

a. Skólablaðið Púlsinn.

Skólaráð fagnar glæsilegu skólablaði og hvetur til þess að blaðið sé sent öllum nemendum og foreldrum skólans.

b. Mætingakerfi.

Rætt um skýrleika reglna varðandi mætingaskráningu og ábyrgð foreldra að börn stundi skóla. Áhugi er á að endurskoða þessar reglur og setja myndrænt fram þannig að öllum sé betur kunnugt um hvaða starfsreglum er fylgt varðandi skólaástandun.

c. Spegill og tækni/starfamessa.

Fulltrúar foreldra í skólaráði lýsa yfir ánægju með útgáfu og notkun á dagbók skólans, Speglinum. Dagbókin sé bæði upplýsandi og mjög gagnleg fyrir nemendur og foreldra. Einnig lýsa þeir yfir ánægju með s.k. tækni eða starfamessu sem haldin hefur verið í samstarfi við FVA og fleiri aðila.

d. Mentor

Fulltrúar foreldra í skólaráði lýsa yfir áhyggjum sínum yfir skorti á upplýsingum til foreldra í samskiptakerfi skólans. Í nokkrum bekkjum sé lítið sett inn í Mentor. Þar sé ekki að finna kennsluáætlanir, upplýsingar um valgreinar, heildstætt námsmat, o.fl. Einnig vanmeti margir kennarar mátt upplýsinga um skólastarfið og einstök skólaverkefni. Fulltrúar foreldra í skólaráði Grundaskóla skora á alla kennara skólans að endurskoða og endurbæta án tafa upplýsingar til foreldra og forráðamanna í Mentor. Virkni og eftirfylgd foreldra með námi barna sinna sé mikilvægt ferli og þar sé upplýsingaveita frá kennurum í Mentor lykilatriði. Skólaráð Grundaskóla óskar eftir því að skólastjórnendur fylgi þessu máli eftir í samstarfi við starfsmenn skólans.

Fundi slitið kl. 18:50

Fundarritun:

sas